



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Ágústs Geirs Ágústssonar nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/346*  
*komudagur 5.12.2001*

Reykjavík 3. desember 2001  
SG/gh

**Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, Heyrnar- og talmeinastöð.**

Landlæknir leyfir sér að lýsa yfir ánægju með fram komið frumvarp. Hann hafði áður tjáð sig um frumvarpið á fyrri stigum og gert nokkrar athugasemdir. Tekið hefur verið tillit til þeirra. Ítrekuð er ánægja með þær áherslur sem lagðar eru á hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar á sviði forvarna, rannsókna og fræðslu. Því miður hefur þjónusta við heyrnarskerta ekki verið sem skyldi og biðlistar eftir þjónustu verið of langir. Vonandi verður þetta frumvarp, ef af lögum verður, til þess að unnt verði að taka á þessum vanda og efla starfsemi stöðvarinnar í þágu heyrnarskertra.

Virðingarfyllt,

  
Sigurður Guðmundsson  
landlæknir